

LIFUN

19



12

fiskar, furður og englar

6 FLEIRI
HUGSANIR
FÆRRI ORÐ

SUNNUDAGUR

Morgunblaðið

BLAÐ

C

SUNNUDAGUR
21. JÚLÍ 1991Endalok franska landkönnuðarins og
vísindamannsins dr. Charcots
endurvakin í íslenskri kvikmynd

Hetjudauði við Mýrar

eftir Elinu Palmadóttur

Í SUMAR er Kristín Jóhannesdóttir að hefja tókur á kvikmynd sinni „Svo á jörðu sem á himni“, sem sækir innblástur í sjölsýsið mikla 1936, þegar landkönnuðurinn og vísindamaður frægi dr. Jean Baptiste Charcot fést ásamt 39 skipverjum sínum og vísindamönnum, er skip hans „Pourquoi pas?“ („Hvers vegna ekki?“) steytti á skerinu Hnokka út af Mýrum. Sá atburður hafði gífurleg áhrif á Íslendinga, sem tóku af mikilli tilfinningu þátt í þessum harmleik, bæði í Straumfirði á Mýrum þar sem líkin og einn maður sem af komst rak á land og stóðu drápanni höfði við allar götur í Reykjavík er líkisturnar voru fluttar frá minningaráhlfinni í Landakotskirkju niður á höfn. Þessi áhrifamikli atburður hefur í áratugi lifað í minningunni á Íslandi. Og þá alltaf sem hinn hörmulegi dauði dr. Charcots. Í huga þessa skrifara er atburðurinn uppi á Mýrum þessa septembarmóti þvert á móti fagur hetjudauði. Áhrifamikil endalok á merkjum ferli mikilmennis. Áður en hann lagði upp á sjötugasta aldursári sem leiðangursstjóri á skipi sínu sagði hann: „Þetta verður síðasta ferð Pourquoi pas? Skipið er orðið gamalt og þreytt. Og það er ég líka!“ Hann sá fram á að hann yrði að hætta. Hafði meira að segja sagt við vinkonu sína Thoru Fríðriksson að hann gæti vel hugsað sér að eiga ævikeföld á Íslandi. Og svo fékk hann að fara með reisu í ólgandi hafloðrinu með skipinu sem hann hafði látið smíða 25 árum áður og stýrt í hafsum Sudurskautslands og Norðurheimskautslands. Vin sinn mávinn sótti hann í búrði og sleppi honum í frelsi á örlogastundu. Skipbrotsmaðurinn Gonidec sá síðast hvar hann stóð keikur og án björgunarbeltis í brúnni á gamla skipinu sem var að brotna undir honum í stormi og ósjá. Ekki var sú brottför síður glæsileg en sumar þeirra frægðarferða sem hann hafði áður lagt upp í á ókunnar slóðir.



Dr. Charcot gefur Ritu vini sínu áður en þeir lögðu upp í hinstu ferðina. Þegar Pourquoi pas? var að brotna og mannskapurinn í heljargreyfum sótti hann mávinn, opnaði búr hans og sleppti honum. Svo beið gamli heimskaufarinn örloga sinna keikur og björgbeltislaus í brúnni í brimloðrinu.

LESBÓK

M O R G U N B L A Ð S I N S


Stofnuð 1925

31. tbl. 13. SEPTEMBER 1986 - 61. árg.



DAUÐINN BEIÐ VIÐ HNOKKA

50 ár eru liðin frá strandi rannsóknaskipsins **Pourquoi Pas?** eftir þrjá daga. Þetta sjóslys vakti ekki aðeins gífurlega athygli hér, heldur og um allan heim, því leiðangursstjórinn **dr. Charcot** var víðfrægur heimskautakönnuður og vísindamaður. Í þessari 14. Íslandsferð sinni varð röð atburða til að tefja brottför skipsins frá Reykjavík með þeim afleiðingum, að það komst aðeins út fyrir Skaga og varð þá að snúa við sökum fárviðris og með þeim afleiðingum að það strandaði á Hnokkaflögu, utan við Straumfjörð á Mýrum og allir skipverjar drukknuðu utan einn.



Dr. Jean Baptiste Charcot. Hann var orðinn vel kunnugur á Íslandi og sagði stundum „Oh, ma chère Islande“, — ó mitt kæra Ísland.

Eftir þrjá daga, þann 16. september, eru liðin 50 ár frá þeim minnisstæða atburði, þegar franska hafrannsóknaskipið **Pourquoi Pas?** fórst í ofviðri við Mýrar. Þeir sem komnir voru til vits og ára 1936, tala um þennan

atburð eins og hann hefði gerst í gær. Samt hefur margur skiptapinn orðið síðan við Íslandstrendur, ekki síst á stríðsárunum síðari, þegar bæði togarar og flutningaskip urðu skotmörk þýzkra kaubáta. Þá voru það Íslendingar sem fórust og að minnsta kosti í einu tilviki hér uppi í landsteinum. Eftir fjóra áratugi eru þeir sorgarathurdir farnir að fyrnast og yngri kynslóðin í landinu veit lítið hvað kom fyrir Reykjaborgina og Goða-

foss. Ástur á móti hefur hún margsinnis heyrt um strand **Pourquoi Pas?** af þeirri einföldu ástæðu að fjölmörg larnir hafa verið iðnir við að rífa þetta slys upp og það er nú einu sinni svo, að nútímafólk virðist hafa allt sitt út úr ljómiðlunum.

HEIMSVIÐBURÐUR

Atburðarinn verður án efa minnst víðar en hér í Lesbók; til dæmis verður það gert

í sjónvarpinu. Í útvarpinu var nýlega rífuð upp frásögnin um aðrirf Reynistaðarbræðra á Kili fyrir rúmum 200 árum og margoft hefur mátt sjá eitthvað um það slys í blöðunum. Af einhverjum ástæðum hafa örlog Reynistaðarbræðra og örlog **Pourquoi Pas?** orðið Íslendingum einstaklega hugstæð. En hversvegna? Í öðru tilvikinu eru það fátímir menn og fénaður, sem úti verður, og í hinu tilvikinu eru það útlendingar sem drukkna; landsmenn þekktu þar aðeins nafn á einum manni. Það var umfram allt vegna þessa eina manns, dr. Jean Baptiste Charcot, og skipsins, sem hann hafði gert frægt, að þetta þóttu stórtíðindi um allan hinn vestræna heim. Stórblaðið *New York Times* hafði strax samband við annan blaðamanninn, sem kom á staðinn, Finnboaga Rút Valdemarsson frá Alþýðublaðinu og fékk hjá honum ljósmyndir. Hinna blaðamaðurinn, sem þarna var með í för, Árne Óla frá Morgunblaðinu, hitti alveg naglann á höfuðið, þegar hann sagði í ritgerð sinni í bókinni *Erill og ferill blaðamanns*: „Hér var ekki um venjulegt sjóslys að ræða, þar sem skip ferst og margir menn drukkna, þótt slíkt sé alltaf váveiflegur sorgarathurður. Hér höfðu gerst heimstíðindi. Dr. Charcot var heimfrægur maður. Merkir vísindamaður og landkönnunarmann um allan heim virtu hann og dáðust að honum. Hann var einn af óskasonum þjóðar sinnar. Fráfall slíks manns er heimsviðburður, ekki síst ef það verður með svipleikum hætti.“

EKKI VERÐUR FEIGUM FORDAÐ

Dr. Charcot var vel kunnugur á norður-slöðum þegar hann fór í sína hinstu för á heimskautsferinu **Pourquoi Pas?** frá Reykjavík. Hann hafði sjálfur lagt á ráðin og haft umsjón með smíði skipsins árið 1907; það var þrimastra og hið fegursta far, þar 445 tonn, var 46 metrar á lengd og var sérstaklega styrkt til siglinga í ís. Dr. Charcot var 69 ára þegar hann kom hingað til lands í síðasta sinn og þótti bera með sér göftri og höfðingsskap í senn. Þessum fræga vísindamanni eru gerð skil í ágættri grein dr. Bjarna Jónssonar, fyrrum yfirlæknis á Landakoti, og kafla uppúr endurminningarriti Thoru Friðrikssonar, sem hér birtist einnig og er ástæðulaust að endurtaka það sem þar er sagt. Eins og þar kemur fram átti dr. Charcot orðið góða vini hér, en var óvenju dapur við brottförina og þóttist finna það á sér, að ekki mundi hann oftast sjá Ísland. Hann var hér þá í 14. skiptið og mátti segja það sama um hann og Grímur Thomsen kvad um Skúla fögeta: „Í fjórtánda skiptið frægarn þar/festar um hafíð svanur.“

Röð atvika varð til þess að tefja brottför **Pourquoi Pas?**. Óheppilegar tilviljanir segja sumir; aðrir tala um forlög og þá fornu speki, að eigi verði feigum fordað. Dr. Charcot hafði ásamt fleiri vísindamönnum verið við rannsóknir meðfram austurströnd Grænlands. Nú var förinni heitið til Kaupmannahafnar þar sem glæsilegar móttökur áttu að bíða skipverja; danska Landfræðifélagið ætlaði að heidda dr. Charcot sérstaklega. **Pourquoi Pas?** var búið til lítil hjálparvél, gufuknúnni. Hún bilaði og ketilviðgerð og fleira, sem fram fór í Reykjavík, taðí brottför skipsins til 15. september. Þegar **Pourquoi Pas?** létti akkerum um hádegisbilið var hæglaetsveður á Faxaflóa, en veðurspáin kl. 3 síðdegis varaði við sunnanstormi, sem mundi bresta á með nóttinni. Þá var lægð að myndast suðvestur af Reykjanesi og fór hún óvenjulega hratt yfir og færðist mjög í aukana. Um miðnættið var stormsvæpurinn kominn norður á móts við Reykjanes og innan litillar stundar var skolið á fárviðri með 12 vindstigum í Reykjavík og á öllu Faxaflóasvæðinu.

Skemmt er frá því að segja, að **Pourquoi Pas?** komst eitthvert út fyrir Skagann. Gonidee stýrimaður staðfesti það síðar, að vélin stóð sig eftir því sem við mátti búast og bilaði að minnsta kosti ekki. Það var þó á hreinu, að hún hafði ekki mátt til að knýja

var eftirminnleg upplifun og mér þótti mikils virði, að hún sá sér fært að líta upp frá húsmóðurstörfum á Hofstöðum og koma með mér niður í Straumfjörð ásamt Jóni syni sínum, sem býr á Hofstöðum, og Magnúsi Guðbjarnasyni, sem telst bóndi í Straumfirði og á jörðina ásamt systur sinni.

Á leiðinni niður í Straumfjörð sagði Ingibjörg, að ég skyldi ekki búast við miklu af sér, þar sem hún væri fæddur þorpári — hún er fædd í Borgarnesi — en ein upp „hjá vondu fólki“ í undæmi séra Árna Þórarinssonar. Ung að árum átti hún heima á Ytri-Raudarnel í Eyjabreppi, en giftist um tvisugt bóndasyni á Hofstöðum í Álftanesbreppi, Friðjóni Jónssyni, og þar bjuggu þau síðan. Friðjón er nú látinn.

Ég spurði Ingibjörgu hvort hún vissi nákvæmlega hver hefði orðið var við það þennan örlagaríka morgun, 16. september 1936, að skip væri strandað. Ég spurði vegna þess að einhvers staðar las ég að strandið hefði líklega sést fyrst frá Álftanesi og að þaðan hafi verið símað og gert viðvart í Straumfjörð.

Ingibjörg sagði þetta af og frá og að það

lægi alveg ljóst fyrir hver það var, sem sá í fyrstu skimu dagsins, að skip var strandað. Í Straumfirði bjuggu þá fullorðin hjón, Þórdís Jónasdóttir og Guðjón Sigurðsson, sem Ingibjörg þekkti frá barnæsku. Hjá þeim voru til heimilis fullorðin kona og ungur maður, Kristján Þórólfsson, sem var fóstursonur þeirra.

„Fólkinu í Straumfirði varð ekki svefn-samt þessa nótt,“ sagði Ingibjörg. „Það hafði skolið á aftakaveður og þegar enn var dimmt af nóttu fór Guðjón bóndi út til að huga að húsum og kveikti þá ljós. Síðar kom í ljós, að skipbrotsmaðurinn sem bjargadist, sá ljósið og það gaf honum von um björgun. Eftir einhverja stund úti kom Guðjón inn í bæ og það Þórdís að vekja Kristján fósturson þeirra og biðja hann að koma sér til hjálpar, því þá voru útið í hættu; veðrið farið að rífa þakpappa.“

„... ÞAD ER STRANDAÐ SKIP“

Þeir Guðjón og Kristján voru um stund að baksa við útið og fór þá ögn að skíma af degi. Þá kom Kristján aftur inn í bæ til

að sækja nagla. Þegar hann kom fram í dyrnar á útleið hefur hann farið að rýna í sortann. Allt í einu sneri hann inn aftur og sagði við föstru sína: „Guð hjálpi mér, það er strandað skip á honum Hnokka.“ Kristján hljóp út og sagði föstru sínum tíðindin, en fyrst um sinn var ekki hægt að kalla á hjálp, því símsstöðin á Arnarstapa var ekki opnuð fyrr en klukkan 9. Þeir Guðjón og Kristján fóru hinsvegar þegar í stað að líta eftir því, sem kynni að berast á land. Enda þótt Kristjáni sýndist í fyrstu, að skipstrandandi væri á Hnokka, þá var það mál kunnugra manna síðar meir, að Pourquoi Pas? hefði strandað á svonefndri Hnokkaflögu, sem er lægri skerjarani út frá Hnokka. En það er alveg víst, að það var Kristján Þórólfsson, sem fyrstur sá strandið.“

Hin skarpa eftirtekt Kristjáns í morgunskímuni hefur án efa orðið til þess að Gonidec stýrimanni var bjargað. Hann hefur víst ekki verið feigur, því margt lagðist á eitt til að stuðla að björgun hans og hefði þó enginn hlekkur í þeirri keðju mátt bregðast.

Í fyrsta lagi var Gonidec svo heppinn að rekast á landganginn í brimrótinu og í öðru lagi svo athugull að halda sér undir honum í stað þess að klifra upp á hann. Með landganginum rak hann upp að klettóttri strönd framan við Straumnesbæinn. Þar heita Hölluvarir, kenndar við Straumfjarðar-Höllu, sem þjóðsögur greina frá og var fjölkunnug, enda systir Sæmundar fróða. Þegar brimaldan skoladi landganginum upp eina vörina, sem raunar er þröng klettakskora, missti Gonidec loks takið og hefði lamizt utan í klettana, ef Kristján Þórólfsson hefði ekki einmitt verið staddur þar.

Hann hafði verið á gangi þarna á leið fram í nesid, þegar hann kom auga á rekald í sjónum og sá ekki betur en eitthvað væri hangandi á því. Kristján sá við nánari athugun að þetta var maður; hann óð úti til að ná honum og gat með erfiðisnumum haldið honum þar til Guðjón bóndi kom þar að og hjálpaði honum að draga manninn á land. Svo þrekaður var skipbrotsmaðurinn, að hann gat naumast staðið í feturnar og urðu þeir Guðjón og Kristján að ganga undir honum spölinn heim í bæ.

Af Kristjáni Þórólfssyni er það að segja, að hann er nú látinn. Fyrir um það bil aldarfjórðungi birtist samtali í Morgunblaðinu, sem Matthías Johannessen átti við hann. Þeir fóru saman upp í Straumfjörð og með



Landgöngubrúin úr Pourquoi Pas? komin á þurrt land við Hölluvarir. Skipbrotsmaðurinn Gonidec hékk við hana í rúma þrjá tíma í sjónum.

þeim í för var Andri Heiðberg kafari. Hann kafaði þá niður að fólkinu og náði m.a. mynd af skipabjöllunni og sást á henni hluti af nafni skipsins: Pas.

FÓLKID AF BÆJUNUM KOM TIL HJÁLPAR

Ég spurði Ingibjörgu, hvornig staðið hafi á því að hún frétti um strandið og fór til hjálpar fram í Straumfjörð. Hún sagði:

„Það hafði verið óröleg nótt, því nálega var orðið óstætt fyrir veðurofsa um miðnætti. Um morguninn fór ég að huga að kartöflum, sem ég hafði látið í járnþott við húshornið. Hann hafði hreinlega tekizt á loft og skolið niður með þeim afleiðingum, að hann brotnaði. Ég var að lína upp kartöflurnar, þegar mér heyrðist hringt og fór í símann. Það var þá Guðjón í Straumfirði að tala við Sigmund símsstöðvarstjóra á Arnarstapa og biðja hann að koma skilaboðum til Slysavarnafélagsins. Ég heyrði hann segja: „Það hafa líklega farið nokkur mannlíf í sjóinn í nótt.“

Ég hringdi undir eins á eftir niður í Straumfjörð og Þórdís staðfesti, að það væri strandað skip. Jafnframt tók hún fram, að nú væru þeir Guðjón og Kristján að koma heim með mann. Þá var klukkan rúmlega 9 og hafi skipið strandað stundarfjórðungi fyrir kl. 6, eins og fram kom hjá skipbrotsmanninum síðar, hefur hann verið búinn að vera í sjónum í rúma þrjú klukkutíma.“

Ingibjörg og Friðjón á Hofstöðum ákváðu að ríða í skyndi ofan í Straumfjörð. Húsfreyjan átti þó ekki vel heimangengt, því hún var með þrjú ung börn, sitt á hverju árinu. En kona, sem þar var, tók að sér að gæta barnanna og innan lítillar stundar voru þau hjón komin ofan í Straumfjörð. Þá kom þar einnig fólk af öðrum nágrenna-bæjum. Veðrið var þá byrjað að ganga niður og það er misskilningur, segir Ingibjörg, að það hafi verið óvenjulegt brimrót. „Það var stormsjór, sem er allt annað en brimrót og lægir að mestu um leið og vindinn,“ sagði hún.

Gonidec, sá eini sem bjargadist af skipinu er hér til hægri ásamt björgunarmanni sínum, Kristjáni Þórólfssyni í Straumfirði. Finnboði Rútur Valdimarsson tók myndina.

“Ég fór fram í Kóranes og vann við að bjarga þessu undan sjó og koma því á þurr land. Þar mátti einnig sjá rauðvinstunnur, loðjakka og allskonar matvæli, allt vel útbúið og óskemmt. Líka rak þarna talsvert magn af spíritus á brúsum, sem látinn var í sölu í kaupfélaginu í Borgarnesi og átti að selja hann þar sem meðalaspírit. En menn komust fljótt að því hvers kyns spírit þetta var; nefnilega hreinn spíritus. Það spurdist út um sveitir og menn komu með baggahesta og keyptu þetta upp í snarhasti. Það var svo notað sem hvert annað áfengi og hefur líklega þótt betur krassandi en Spánarvínin.

Ég var fram eftir degi við röstina og veðrið varð smám saman þolanlegt. Eitt lík fann ég frammi í Kóranesi og var ekki nokkur fatatutla utan á því. Því var komið yfir röstina til hinna líkanna. En eftir að ég kom á staðinn sást ekkert eftir af skipinu; það hafði brotnað og var sokkið.”

LÍKARÖÐIN EFTIRMINNILEGUST

Eins og fram hefur komið gleymdi Árni Óla myndavélina í ódagotinu við að komast af stað. Finnboði Rátur var aftur á móti með myndavél, sem hann fékk lánaða hjá Sigurði Guðmundssyni ljósmyndara. Því Alþýðublaðið hefur vist ekki verið svo efnad í þá daga, að það setti myndavél. Allar myndirnar ofan úr Straumfirði, sem hér birtast og teknar voru daginn eftir strandið, eru verk Finnboða Rátis; aðrir voru ekki með myndavél þar. Fyrir skömmu hétti ég Finnboða Rát að máli á heimili hans í Kópavogi og hann staðfesti frásögn Árna Óla um ferðina á staðinn.

“Við gengum framá Höllubjargið, sem er syðst á eyjunni þar sem bærin í Straumfirði stendur. Þaðan var gott útsýni yfir skerjagardinn og til Hnokka, en skipið var alveg horfið og við sáu ekki neitt brak þar við ströndina þá.

Ég tók myndir af líkunum í brekkunni. Mér fannst það átakanleg sjón og minnisstæðast af öllu því, sem fyrir augu þar í þessari ferð. Líka tók ég nokkrar myndir af skipbrotsmanninum Gonidee ásamt heimilisfólki í Straumfirði. Alþýðublaðið var þá síðdegisblað og ég náði símasambandi suður eftir að hafa rætt við fólk á staðnum og tekið myndir, — og fréttin kom í blaðinu þann sama dag.

Eftirspurnin eftir myndum varð svo mikil, að Frakkar buðust til að senda herskip til móts við Gullfoss, ef þeir gætu fengið þær. Að sjálfsögu fengu þeir myndir, en ekki á þennan hátt. Þær fóru utan með Dronning Alexandrine og þeir borgaðu raunarlega fyrir þær; líklega eru þetta dýrustu myndir, sem sendar hafa verið úr landi. *New York Times* pantaði einnig myndir og ég sendi eitthvað vestur. Sem betur fer held ég að ég eigi ennþá filmurnar.

Gonidee jafnaði sig furðu fljótt eftir að hann kom suður til Reykjavíkur og var eins og grár köttur hjá mér á ritstjórn Alþýðublaðsins vegna þess að ég talaði frönsku. Hann kom líka í heimsókn heim til okkar. En til Íslands kom hann ekki aftur.


Af Pourquoi Pas? er vist lítið eftir. Fyrir þremur árum komu hingað sérfræðingar í björgun skipa af hafsbótun; þeir köfðu og fundu leifar af skipinu. En lítið reyndist eftir af því; aðeins kjóturinn og hann virtist vera skordaður á milli kletta. Þeir töldu ekki ástæðu til að leggja í fyrirhöfn og kostnað við að ná honum upp.”

KÓNGANEFID BAR HÁTT

Þegar ræðismaðurinn og blaðamennirnir komu á vettvang hafði segldúkur verið breiddur yfir líkin 22. Ræðismaðurinn gaf fyrirskipun um, að seglinu skyldi svipt af líkunum og svo var gert. Um þá sjón segir Árni Óla svo:

“Í miðjum hópnum lá dr. Charcot. Það stírndi á hvítan skalla hans og hið mikla kónganef bar hátt. Hann var í bláum ferðafötum, með ljósbálan línan fíðba og svart bindi. Á fótum hafði hann hnéhá gul leurstígvél með togledurstöppum á sóluum. Öðrum megin við hann lá lík skipstæknisins, dr. Parat. Hann var alkledur en með morgunskó á fótum. Hann var enn með gleraugu sín á nefinu og hafði komið með þau óbrotin gegnum bríngardinn.” Árni segir enn fremur frá því, að Gonidee hágrét við þessa sjón og merkilegt, að allir vorkennu honum, en enginn vorkenni þeim, sem farizt höfðu. Um brottferðina segir hann:

“Afráðið var að vélbáturinn *Ægir* skyldi taka líkin næsta dag snemma og flytja þau til Akraness. Þar átti danská varðskipið *Hvidbjörnen* að taka við þeim og flytja þau til Reykjavíkur.



Mannfjöldi við Reykjavíkurhöfn þegar *Hvidbjörnen* kom til Reykjavíkur með lík skipverja af *Pourquoi Pas?*



Heimilisfólkið í Straumfirði og Ingibjörg á Hofstöðum (lengst til hægri) á bryggjunni í Reykjavík. Þau komu suður til að vera við athöfnina.


Við bjuggumst til brottferðar. Þá kom í ljós hvað Gonidee var þakklátur heimilisfólki í Straumfirði. Ekki gat hann skýrt frá hugsunum sínum með orðum, en hann fadmaði innilega hvern heimilismann og kyssti á báðar kinnar í mikilli geðshræringu. Og nú voru það þakklætistár sem hrundu niður vanga hans.

Flóð var komið. Beljandi straumur var í fróðum og verra að komast yfir hann en áður. Báturinn var drekkladinn og valt iskuggilega á straumöldunum. Ræðarar máttu hafa sig alla við. Kaldur stormur náddi af hafi og hver hafalda kastaði nýju rekaldi á land.

Hestar bíðu á lendarstað. Nú urðum við að fara allt aðra leið en áður. Til Borgarness komumst við þó heilu og höldnu og gístum þar.”

FÁNAR BLÖKTU Á HÁLFRI STÖNG

Um það sem síðan gerðist, flutning líkanna til Reykjavíkur og athöfnina, sem þar fór síðar fram, eru að sjálfsögðu til



Aðgöngurmiða þurfti til að komast í Landakotskirkju, þegar minningarathöfnin fór fram, en fjöldi bæjarbúa stóð utan dyra og gekk síðan með líkfyldinni.



Frá minningarathöfninni í Landakotskirkju.

margar heimildir. Vélbáturinn *Æggr* sótti líkin í Straumfjörð, en sökum sjógangs reyndist ekki unnt að selflytja þau yfir í Hvidbjörnen við Akranes svo sem ætluin var. Bæði skipin sigldu því áleiðis til Reykjavíkur og í Eldisvík hjá Víðey lagðist *Æggr* uppá danska skipinu og voru líkin sett á 22 fleka, sem sérstaklega höfðu verið útbúnir. Var breitt yfir ásjónur líkana og þau sem fatalitil voru vafin í dúk. Enn var þeim raðað upp á afturþjúgum skipsins, danski fáninn dreginn í hálfá stöng í skut, en sá franskí í hálfá stöng á aftursíglu.

Tekid var að skyggja, þegar Hvidbjörnen sigldi til hafnar í Reykjavík. Þá mátti mjög víða sjá fána í hálfá stöng í baenum og ótrúlega margt fólk var komið niður að höfn til að taka á móti skipinu. Það fór ekki milli mála, hvað var að; slíka athygli hafði þessi atburður vakið og ennfremur var minnt á skipskomuna með því að kirkjuklukkum var hringt.

Á bryggjunni beið röð vörubíla og var líkbörnum raðað á þá. Umhverfis stóð þöglur mannföldinn. Bilalestin lagði öll af stað í einu og á eftir henni gekk einn maður, berhöfðaður og álútur: Skipbrotsmaðurinn Gonidec. Líkunum var ekið í Landakotsspítalan; haustmyrkrið lagðist yfir bæinn og kirkjuklukkurnar höldu áfram að óma á sinn dapurlaga hátt.

Fimm dögum eftir strandið kom hingad tundurpillir á vegum frönsku stjórnarinnar; annað hraðskreidasta skip heimsins, en svo djúpskreitt, að það komst ekki inn í Reykjavíkurhöfn. Ekki átti það að ná í líkin, heldur voru á því menn, sem áttu að rannsaka strandið og bjarga því, sem bjargað yrði.

Sýnt var, að tundurpillirinn gat ekki komið nálægt Hnokkaflogunni og því leigðu Fransmenn hafnarbátinn Magna til rannsóknarfarar. Í þá för fóru tveir yfirforingjar af skipinu, Gonidec og Þórður Stefánsson kafari. Þá hafði skipið borizt nokkuð inn fyrir Hnokka, en þeir fundu það og Þórður kafaði niður að því. Hann sá, að það hafði brotnað í fjóra hluta, en allt innanur því var mölbrotið. Það eina sem ástæða þótti til að bjarga voru merkjabýssur úr kopar, dýptarmælir, skuggamyndavél, áttaviti, boróklukka og eitthvað fleira smálegt.

Á skipinu höfðu verið 40 manns, þar af 5 visindamenn, 7 yfirmenn og 28 hásetar. Tveir visindamannanna höfðu orðið eftir í Grænlandi til að ljúka rannsóknum og komu til Kaupmannahafnar um svipað leyti og Pourquoi Pas? fórst. Hafi skipshöfnin upphaflega verið 40 manns hafa 37 druknað. En þegar hér var komið sögu höfðu 22 fundizt.

STÆRSTA LÍKFYLGÐ Í REYKJAVÍK

Líkin voru geymd í Landakotsspítala og visast hér enn til greinar í þessu blaði eftir dr. Bjarna Jónsson, fyrrum lækni á spítalanum, sem fékk það óvenjulega verkefni að smyrja líkin. Franskt herskip kom síðan með líkkistur og var kistulagt þriðjudaginn 29. september, en kveðjuathöfn skyldi fara fram morguninn eftir. En svo margir vildu vera við athöfnina í kirkjunni, að sýnt var að kirkjan rúmaði ekki nærri alla. Þess vegna var gripið til þess ráds að senda út boðskort til allra þeirra, sem þar áttu að vera og komust ekki aðrir inn. Meðal þeirra sem fengu aðgangskort var fjölskyldan í Straumfirði, Þórdís, Guðjón og Kristján fóstursonur þeirra. Ingibjörg á Hofstöðum var einnig þar á meðal svo og heimilisfólk frá Álftanesi og öll fóru þau suður og voru við athöfnina.

Athöfnin þótti löng og virðuleg svo sem tókast í kaþólskum sið og var henni allri útvarpað um stuttbylgjustöð til Frakklands. Eftir að stökkt hafði verið vígðu vatni á kisturnar og veifað reykelis voru þær bornar út og settar á stóla við Tungötna. Þeim var síðan raðað á 12 líkvagna og fór líkfyldin niður Tungötu, þaðan um Kirkjustræti, Pósthússtræti og vestur Tryggva-

götu að Grófinni, þar sem herskipið lá við bryggju. Svo mikill mannföldi var þarna viðstaddur, að önnur eins líkfyld hafði þá aldrei sést í Reykjavík. Í fararbroddi fór hornaflokkur og lék sorgarlög og að lokum kvað við dúnrandi fallbyssuskothrið til heiðurs hinum látnu. Fransmönnum þótti mikið til um þá samúð, sem Íslendingar auðsýndu og þakkaði Zarzeki ræðismaður í Morgunblaðinu daginn eftir og sagði að fólkid hefði vottað samúð sína svo hjartanlega, að ekki líði úr minni.

Frönsku herskipin sigldu utan 3. október og komu fyrst til St. Malo í Norður-Frakklandi. Eftir athöfn þar voru líkin flutt til Parísar og sungin yfir þeim virðuleg sálumessa í Notre Dame-kirkjunni. Dr. Charcot var jarðaður í Montmartre-kirkjugarðinum í París, en sættingjar tóku á móti hinum líkunum og þau voru jarðsett víðsvegar í Frakklandi. Thora Friðriksson segir í minningarriti sínu að þrátt fyrir flurð í Notre Dame-kirkjunni, hafi athöfnin og þátttaka almennings í Reykjavík þótt miklu hjartnæmari.

Litlu síðar rak fleiri lík og líkamsparta í Straumfirði og nágrenni. Sérstök sálumessa var þá sungin í Landakoti og jarðað í Fossvogskirkjugarði. Ókennilegum líkamshlutum hafði verið safnað saman á Landakots-

spítala og fór fram athugun þar, ef vera kynni að hægt væri að ráða í af hverjum þessir líkamshlutar væru. Ég enda þessa samantekt á því að vitna í ritgerð Arna Óla, forvera míns á Lesbók, en hann kom við í Landakoti og segir svo frá því:

„Ég fékk að koma þangað og blasti þar við ómurleg og átakanleg sjón. Einn búkurinn var nokkuð heillegur, en vantaði á höfuð, handleggji og factur. Um mittið var buxnastrængur og við hann hékk vasi, en í vasanum var lítill hnifur. Þessi hnifur sýndi, að þarna voru líkamshleifar Le Connat skipherra á Pourquoi Pas? Hann hafði átt þennan hnif. Ekkert annað gat bent til þess hver maðurinn mundi hafa verið.“

Seinustu fregnir af skipherranum hafði ég áður fengið hjá Gonidec. Hann sagði mér, að þá er skipun kom um, að nú yrði hver og einn að reyna að bjarga sér og allir skyldu taka björgunarhringa hafði Parat skipslæknir komið upp á stjórnvall. Hann spurði skipherrann hvers vegna hann væri ekki með björgunarbelti eins og aðrir eða hvort hann hefði ekki getað náð sér í belt. Svaraði þá skipherra að björgunarbelti sitt væri niðri í sal yfirmanna.

—„Ég er nú einmitt að koma þaðan og ég gæði sérstaklega að beltinu, en það var þar ekki,“ sagði læknirinn.

—„Það gerir ekkert til, sagði skipherrann, ég þarf ekki á því að halda.“



Magnús í Straumfirði við grasflötina þar sem líkunum var raðað upp.

1894, sótti fyrirlestra hjá Charcot eldra á árunum 1876-1879.

Matthías var vel kynntur hjá fleiri Frökk-um. Brillouin er maður nefndur og var ræðismaður Frakklands hér. Í mars 1911 segir í Ísafold, að hann hafi af Frakkastjórn verið skipaður konsúll í Mexíkó og í Ingólfi er frétt 7. mars 1912 svohljóðandi: „Brillouin konsúll er í París nú sem stendur; hefir hann legið veikir í slæmri botnlangabólgu um tíma, en er nú á góðum holskurð, en hann þvertók fyrir að láta aðra gera það en þá Matthías Einarsson og Guðmund Magnússon og biður það því þess, að hann komi hingað aftur.“

DRAUMURINN UM SJÓINN

Thora Friðriksson var dóttir Halldórs Friðrikssonar, sem var kennari við Reykjavíkurskóla og einn þeirra sem settu svip á bæinn á sinni tíð. Hún hafði ung dvalið á Frakklandi og var tóm frönsk tunga, unni Frakklandi og öllu sem gallsíkt var. Þau dr. Charcot hittust þegar hann kom hingað 1902 og hélt sá kunningskapur æ síðan.



Matthías Einarsson yfirleknir í Landakotssjúkspítala.

úr höfn, hitti Meulenber biskup dr. Charcot í Kristskirkju í Landakoti, fylgdi honum að tónhljóinu og sagðist hlakka til að sjá hann aftur að ári. Dr. Charcot hristi höfuðið og sagði lágu rómi: „Ég finn að þetta er í síðasta sinn, sem ég kem hingað.“

Það voru spádómsorð, lífs kom hann ekki aftur.

En tveimur vikum síðar var honum sungin sálumessa í þessari kirkju og kvaddur með sóknandi ekki minni en við seinni athöfn í hátimbraðri Frúarkirkju Parísarborgar.

LÍKIN SMURÐ

Ekkert kunnir ég til verka við smurningar, hafði að vissu spurnir af því, að lík hefðu verið smurð á Egyptalandi hinu forna, hefði það verið mikið fyrirtæki og tekið langan tíma, jafnvel nokkrar vikur. Þótti mér til mikils ætlast að ég lyki þessum hóp á einni nóttu.

En raunin var einfaldari. Matthías hafði látið laga smurningsvökva um morguninn í apóteki. Var það formalinblanda og fleiri efni voru í blöndunni, en ekki man ég lengur hver þau voru. Var hún þar í stórum

um, sem von var, að meiri skemmtan væri að samvistum við lifandi fólk en dauft, en ég hélt áfram. Þegar sói reis að morgni hafði ég lokað síðasta sárinu og gat sagt Matthíasi, að verkinu væri lokið á tilskildum tíma.

ÁHRIFAMIKIL ATHÖFN

Þann 30. september 1936 söng Martein Hólabiskup Meulenber sálumessu yfir áhöfninni og hafði sér til aðstoðar séra Jóhannes Gunnarsson, sem síðar varð biskup. Var herra Martein fyrstur kapólskur biskup á Íslandi síðan herra Jón Arason var höggvinn. Prestur af herskipinu l'Audacieux, sem hafði komið hingað þann 21. september, tók þátt í athöfninni og margir klerkar og kódringir.

Skátar stóðu heidursvörð í kirkjunni og sjóliðar af l'Audacieux. Það var þá annað hraðskreiðasta skip í heimi, gekk 44 sjómílur.

Frá kirkju gekk líkfyldgin til hafnar og þar voru líkin tekin um borð í Aude, skip sem sent hafði verið hingað til þess að sækja þau. Var mikill mannfjöldi á þeirri leið til þess að votta hinum látnu virðingu. Um allan bæ voru flöggi í hálfri stöng og öllum fyrirtækjum í bænum var lokað.

„Þetta mun hafa verið einhver hátíðlegasta kirkjuathöfn, sem fram hefir farið hér á landi.“

Athöfnin var öll mjög virðuleg og aldrei hefir íslenska þjóðin sýnt nokkurri erlendri þjóð annan eins bluttekningar- og samúðarvott og gert hefir verið í dag,“ segir í Alþýðublaðinu þann 30. september 1936.

Ög enn í dag að lönnum fimm tugum ára er minningin um endalok Pourquoi Pas? greypt í huga þeirra hér á landi, sem fylgdust með atburðum þá og enn eru ofan mótlaar.

Þegar hugurinn reikar aftur um hálfá öld koma í hug orð Indriða á Þjalli:

Eina þá sem aldrei frýs
úti á heljarvegi
kringla römmum álrisi
á sér vök hinn feigi

— og hafa þau orð rætt oftast.


Hefði ekki komið til vélarbilun á Pourquoi Pas? hefði skipið ekki farist á Mýrum. Hefði ekki verið önnur bilun en ætlað var í fyrstu hefði skipið verið farið fyrr, en þó það hefði ekki lagt úr höfn nema dægri fyrr, þá hefði það verið komið út á opið haf þegar óveðrið brast á og hefði getað haldið sjó meðan það gekk yfir. Pourquoi Pas? var traust skip, smíðað 1908 að fyrirsögn dr. Charcot, og hafði dugað vel í leiðingrum bæði í suðurhöfum og við norðurskauf. Hefði vitinn, sem þeir sáu, verið Grótta eins og þeir héldu, en ekki á Akranesi, hefðu þeir náð höfn í Reykjavík.

En feigum verður ekki forðað.

Tveir af áhöfninni urðu eftir til frekari rannsókná á Grenlandi þegar skipið fór þaðan og þriðji stýrimaður, Eugene Gonidec, bjargaðist fyrir samspil ótrúlegra tilviljana í Straumftröi.

Þeir voru ekki feigir.

Sumar 1984.



Læknar í Landakotssjúkspítala í sept. 1936. Frá v.: Þóroddur Þóroddarson, Sveinn Gunnarsson, Halldór Hansen, Matthías Einarsson, yfirleknir, Ólafur Helgason, Kristján Þorvarðsson, Friðrik Einarsson og Bjarni Jónsson.

Þau skrifuðust á, hún var gestur hans í París og þau hittust þegar hann kom til Reykjavíkur á ferðum sínum. Áratug eftir slysið skrifaði hún kver um kynni sín af þessum afreksmanni.

Strax í bernsku hneigðist hugur hans til sjóferða. Ungur drengur gerði hann sér bát úr kassafólum, en sú útgerð var skamm, fleyinu hvolfði fyrsta skipti, sem hann steig á það á tjörninni heima hjá sér. Hann nefndi farkostinn Pourquoi Pas? Drengurinn var fróðleikafús og spurull og sú spurning lá honum oft á tungu.

Drauma sína um sjóferðir lagði hann á hüluna. Faðir hans var því mótfallinn og að ósk hans lagði pilturinn stund á læknisfræði. Tveimur árum eftir lát föður síns hafði Jean Baptiste Charcot lokið doktorsritgerð sinni í læknisfræði, var orðinn háskólakennari og yfirleknir við Salpêtrière-sjúkspítalan, sem faðir hans hafði gert frægðan um veröld alla.

En draumurinn um sjóinn var áleitinn og það er erfitt að vera sonur frægs manns. Metnaður Charcots var meiri en svo, að hann sætti sig við að vera aðeins „le fils de papa“, enda var hann þeirrar gerðar að hann þurfti ekki annarra fjáðir til skrauts. Hann lagði læknisfræðina frá sér.

Hann sneri sér að rannsóknunum í heimskautslöndum, bæði í suðri og norðri, og aflaði sér frægðar, sem í engu stóð að baki föður hans. Hann var maður mannúðar. Hann varaði við ofveði hvala í suðurhöfum og bannaði mönnum sínum að fella dýr nema nauðsyn bæri til. „Ég get ekki felt mig við að menn drepji að gamni sínu.“ Síðasta verk dr. Charcots, þegar Pourquoi Pas? var að liðast í sundur í brimrótnu út af Mýrum, var að fara niður í káetu og sækja máf, sem þeir höfðu bjargað á Grenlandi og hafði fylgt heim síðan, og stappa honum.

Honum var hlýtt til Íslands, „l'Islande me porte bonheur“ hafði Thora Friðriksson

eftir honum. Sunnudagskvöldið 13. september 1936 sat hún boð um borð í Pourquoi Pas? með nokkrum vinum dr. Charcots. Þá sagði hann henni að af öllum heidursmerkjum sínum þætti sér vænst um tvö, Croix de Guerre og stórkross Fálkans.

Það var þunglyndisblær yfir honum þetta kvöld. Hann yrði sjötugur á næsta ári og kveið því að líklega færi hann ekki fleiri ferðir með Pourquoi Pas? „Við höfum elst saman skipið mitt og ég og erum tengd órjúfandi böndum, það er hluti af sjálfum mér.“

Að morgni 15. sept., áður en skipið lagði

glerkútum og riðið utan um tágur. Skyldi farið inn á æð í nára, vökvinn láttinn renna í æðina meðan hún tæki við, æðin síðan bundin og sárinu lokað.

Tök ég til starfa án tafar. Nokkurn tíma tók að fylla æðakerfið hjá hverju líki, því þrýstingur á innhellingunni varð að vera í höfi. Matthías hefir væntanlega þótt hægt miða. Sendi hann mér til aðstoðar Svein Gunnarsson, en hann var þá röntgenlæknir sjúkspítalans. Kom hann á miðjum aftni og vorum við um sinn tveir. Sveinn var mikill gleðimaður og þegar fór að lifna yfir kvöldlifinu í bænum á laugardegi þótti hon-



Líkfyldgin kemur niður Túngötu.

„Ég var sú síðasta sem kvaddi hann“

Kafli úr endurminningum Thoru Friðriksson um dr. Charcot

1936 ... Í síðasta sinn leggur „Pourquoi Pas?“ af stað frá San Servan, litla bænum rjett hjá St. Malo, sem Charcot þótti svo næmt um, af því að tvö skip hans, le Francais og Pourquoi Pas? höfðu verið smíðuð þar og hann átti þar marga kunningja, bæði á smíðastöðinni og meðal sjómanna, því að margir höfðu verið hásetar hjá honum allt frá fyrstu heimskautsferð hans. En tryggð var eitt af aðaleinkennum þessa göfuga manns.

Eldri dóttir hans gifti sig árinu áður, en faðir hennar vildi að hjónavígslan setti að fara fram í hinni litlu og gömlu kirkju í San Servan. Ef dóttir hans fræga Charcot hefði gíft í einni skrautkirkjunni í París, þá hefði það verið viðburður í heimsborginni og hann þurfti að bjóða fjölda mikilmenna, sem voru vinir hans; en það var honum á móti skapi. Í brúðkaup dóttur sinnar vildi hann aðeins bjóða þeim, sem höfðu verið hásetar og fjelagar hans á hinum hættulegu ferðum hans.

Hann sat þarna umkringdur einungis af sjómönnum, konum þeirra og dætrum; þetta þótti honum vera sín rjetta fjölskylda og allir gestirnir ljómudu af gleði af því að sjá átrúnaðargöð þeirra hamingjusaman. Þar á meðal var sjómaður, sem nú var í góðri stöðu, en á tveimur Sudurheimskautsferðum hans hafði verið þjónn og gengið um beina. Tuttugu og fimm ár voru liðin síðan, en kunningskapurinn jafnan haldist. Honum var ætíð sæti við háborðið, en þá snéri hann sjer til Charcot og beiddi hann að hann við þetta hátíðlega tækifæri, enn þá einu sinni mætti þjóna gömlum húsbónda sínum og bera mat og vín fyrir gesti hans eins og forðum. Um þessa hæversklegu bön þarf ekki að fjölyrða, hún lýsir svo mikilli virðingu og ást á gamla skipherranum, að allir komust við, ekki slzt Charcot, sem kunnir svo vel að meta hina sönnu vini sína.

Um morguninn hinn 16. júlí, áður en „Pourquoi Pas?“ lagði út í síðustu för sína, gekk Charcot einn til altaris í þessari litlu óásjálugu kirkju. Hann kvaddi prestinn með handabandi og sagði svo við þá, sem eftir honum biðu:

„Nú er jeg reidubúinn.“

Jeg vissi auðvitað að von var á „Pourquoi Pas?“ hingað um sumar, en ekki fyrir en seint í ágúst. Charcot var vanur að koma við á Akureyri á útleið en hingað á heimleið. Jeg varð því mjög undrandi er jeg einn morgun í júlímánuði frjetti að „Pourquoi Pas?“ lægi við hafnarbakkann. Jeg flýtti mjer að heilsa upp á hann og var hann hinn



Dr. Charcot og Thora Friðriksson á Þingvöllum 10. sept. 1936. Þetta er síðasta myndin, sem tekin var af dr. Charcot.

kátasti og þegar jeg ljét undrun mína í ljósi, svaraði hann: „Má jeg ekki sjá Reykjavík í sumarskrúða, það hef jeg ekki sjóð síðan árið 1902.“

Jeg fann samt á honum, að hann var allsendis óánægður með stjórnmálaástandið í Frakklandi. Hann sagði meðal annars: „Mjer finnst Frakkland vera eins og kona, sem jeg hefi elskað heitt, og sem nú mun valda mjer sárum vonbrigðum,“ og hann bætti við „vitid hjer, Thora, að mjer finnst að jeg gæti vel hugsad mjer að lifa á Íslandi síðustu æfídaga mína.“

Jeg hló að honum og sagðist þekkja hann allt of vel til þess að trúa þessu: „Þjer erud of gamall Parisien (Parisarbúi) og getid ekki lifað annars staðar.“

Hann brosti, en muldraði eitthvað ein, að hann elskað einveruna og snjóinn, eins og hann svo oft áður hafði endurtekið.

Hann stóð hjer við aðeins í nokkra daga í þetta sinni og dró það úr samveru okkar, að stórt skemmtiferðaskip franskt „Lafayette“ kom um sama leyti og með því voru

ýmsir menn, sem hann þekkti, og þótt hann sjálfur segði að sjer leiddist skemmtiferðamenn fremur öllum öðrum, þá átti hann sjálfur ósjálfrátt mikinn þátt í því, að þessar skemmtiferðir til Svalbarða, Íslands og Noregs urðu tízka, svo mikið hafði hann talað og skrifað um löndin í Norðrísahafinu.

Jeg hafði kvatt hann í sól og sumri, en þegar hann kom hingað aftur 3. september, var veðrið farið að spillast og mjer þótt það illt viti að „Pourquoi Pas?“, hið fallega, hvíta, þrimastrada skip, kom ekki siglandi inn á höfnina fyrir fullum seglum, heldur var það danska varðskipið „Hvidbjörnen“ sem dró það inn. Svo var mál með vexti, að í Grænlandshafi hafði það hreppst illt veður og mikinn ís og 30. ágúst fjekk frakkneski ræðismaðurinn hjer M. Zarzecki loftskæti frá Charcot þess efnis, að vjelin í skipi hans hefði bilað nokkuð fyrir norðan Ísland og hann þyrði varla að treysta því, að skipið kæmist leiðar sinnar hjálparlaust. Hvort ekkert skip væri hjer, sem gæti komið til hjálpar. Ræðismaðurinn fjekk því „Hvidbjörnen“ til þessarar ferðar.

Víðgerð á vjelinni var undir eins hafin, en hún var ekki fullgjörð fyr en hinn 13. sama mánaðar. Voru það síðustu forvöð fyrir Charcot, hann átti að vera kominn til Kaupmannahafnar á tilsettum degi, því að þar stóðu til hátíðarhóld til heiðurs Charcot, en Danir voru honum mjög þakklátir fyrir hve vel honum hefði farið við nýlendu þeirra við Scoresby Sund í Grænlandi og hve samvinna við frönsku vísindamennina 1932-1933 hafði verið góð o.s. frv. Charcot dáðist mjög að stjórna Dana á Grænlandi og mátti ekki heyra talað um, að einangrunarstefna þeirra væri ekki góð. „Grænlandingar eru góð og saklaus þjóð og þeir mega vera Dönum eilíflega þakklátir fyrir að vernda þá gegn drykkjuskap og öðrum löstum heimsmenningarinnar“.

Vegna víðgerðarinnar stóð hann lengur við í þetta sinn en vant var, hann var þó alltaf að vinna á hverjum degi við að semja skýrslur og rita brjef, en þess á milli nutum við vinir hans góðs af honum og að mjer fannst meira en ella. Þó var hann ekki áhyggjulaus, en ráðningu á þunglyndi því, sem jeg við og við las í augum hans, fjekk jeg í rauninni ekki fyr en síðasta kveldið, en þá skildi jeg, að hann var stöðugt að hugsa um, að næsta ár yrði hann 70 ára, og þá væri að líkindum fyrir það tekið að hann færi fleiri ferðir með „Pourquoi Pas?“, sem auk þess var farið að verða gamalt.

„Við höfum elzt saman og við, skipið mitt og jeg, erum tengd örjúfandi böndum, það er hluti af sjálfum mjer.“ Þetta var satt. „Pourquoi Pas?“ var einkennilega smíðað og eftir hans eigin fyrirsögn, og skipasmiðurinn Cholet sagði, að það væri svo rammbyggt að það gæti ekki líðast í sundur þótt það strandaði. Allir, sem á því höfðu verið, hvort það voru sjómenn eða vísindamenn, voru ássáttir um, að það væri lífandi — hefði sál. Sálin var auðvitað Charcot sjálfur. Hann setti þannig sitt mark á allt og alla sem í kringum hann voru, menn eða málléysingja. Ást hans á dýrum var víðbrögð. Hásetarnir gættu þess jafnan að hafa með sjer kött á skipinu, þegar þeir lögðu í langferð með honum og þeir höfðu gaman af, að taka eftir, hve fljótur köttur-

Kistunum raddað upp á Place du Parvis í París, en minningarathöfn fór fram í Notre Dame-kirkjunni.

